



Kópavogi, 22. september 2025
25082174/501.04 BR

Efni: Umsögn gatnadeildar vegna beiðni um að breyta Austurgerði í botnlangagötu við Urðarbraut

Austurgerði er stutt húsagata á milli Urðarbrautar og Hraunbrautar. Gatan er 6 m á breidd en bifreiðastöður öðru megin götunnar þrengja hana umtalsvert. Hraunbraut er jafnframt að jafnaði 6 m breið og bifreiðastöður öðru megin götunnar þrengja hana einnig umtalsvert.

Ekki er til deiliskipulag fyrir svæðið.

Íbúar við Austurgerði leggja fram tillögu um að Austurgerði verði gerð að botnlangagötu við Urðarbraut. Slík breyting myndi hafa í för með sér að ökutæki sem leið eiga til og frá Austurgerði og Hraunbraut hefðu einungis möguleika á að komast erinda sinna ef ekið er um gatnamótin við Hábraut og umferð um Hraunbraut næst Hábraut aukast sem því nemur.

Fyrir íbúa innst í Hraunbraut og íbúum í Austurgerði sem erindi eiga á vestanvert Kársnes mun ferðatími aukast þar sem aka þyrfti um Hraunbraut, út á Hábraut og svo eftir Kársnesbraut eða Borgarholtsbraut vestur úr, í staðinn fyrir að geta ekið beint út á Urðarbraut um Austurgerði.

Ekki er að sjá neitt hagræði fyrir ökumenn að nýta Hraunbraut og Austurgerði sem gegnumakstursgötu þar sem samgönguæðar í nágrenninu eru tiltölulega skilvirkar. Auk þess sem Hraunbraut og Austurgerði er seinfærar götur sökum þrengsla.

Visst óhagræði fylgir botnlangagötum ef innkoma í göturnar skerðist t.d. vegna gatnaviðhalds, bílana á lögnum eða öðru sem orsakar götulokanir. Einnig mun viðbragðstími neyðaraðila lengjast innst í Hraunbraut og Austurgerði ef einungis yrði ein aðkoma að götunum frá Hábraut.

Út frá umferðarskipulagslegu sjónarmiði mun botnlangi við Urðarbraut ekki skila neinu hagræði og einungis auka umferðarþyngsli við gatnamót og Hábrautar og Hraunbrautar. Út frá umferðaröryggislegu sjónarmiði mun botnlangi við Urðarbraut auka umferðaröryggi í Austurgerði en minnka umferðaröryggi í austanverðri Hraunbraut. Umferðaröryggi mun einnig minnka á gatnamótum Hraunbrautar og Hábrautar. Með hliðsjón af ofansögðu lítur gatnadeild neikvætt á að Austurgerði verði gert að botnlangagötu við Urðarbraut.

Virðingarfyllt,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar